

# SIÐAREGLUR

## Lindarhvals EHF.

### 1. gr. Almenn

- Lindarhvoll ehf. (hér eftir nefnt „félagið“) starfar á grundvelli laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 (hér eftir „ehfl“) og samkvæmt samþykktum félagsins er tilgangur þess að annast umsýslu, fullnustu og sölu á eignum ríkissjóðs, mótteknum skv. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III í lögum nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, og annar skyldur rekstur.
- Siðareglur þessar gilda um alla starfsemi Lindarhvals ehf., jafnt um stjórn félagsins, stjórnendur, rekstraraðila og aðra starfsmenn og er það á ábyrgð stjórnar félagsins að tryggja að þeim sé fylgt.
- Tilgangur siðareglanna er að stuðla að því að auka trúverðugleika og óhlutdrægni við meðferð og afgreiðslu mála félagsins. Siðareglur þessar er ætlað að leiðbeina þeim sem starfa fyrir félagið við framkvæmd daglegra starfa þess með hagsmuni félagsins og viðskiptamönnum þess að leiðarljósi.

### 2. gr. Ábyrg og góð ákvörðunartaka

- Starfsemi félagsins skal byggð upp með ábyrgum hætti og þannig að allir sem starfa fyrir félagið þekki hlutverk sitt og axli ábyrgð á verkefnum sínum og ákvörðunum.
- Við starfsemi félagsins skal hafa gagnrýna hugsun að leiðarljósi og stuðla skal að ábyrgri ákvörðunartöku í hverju máli fyrir sig og það skoðað sérstaklega með hagsmuni allra hluteigandi að leiðarljósi. Í því sambandi skal virða öll ólík sjónarmið og öll umræða skapar grundvöll að góðum og ábyrgum ákvörðunum.
- Félagið byggir starfsemi sína á að taka allar ákvarðanir á faglegum forsendum og mun tryggja fullan rökstuðning þeirra gagnvart öllum hluteigandi aðilum, þ.e. viðskiptavinum, eiganda, starfsmönnum og samfélaginu í heild.

### 3. gr. Lög og reglur

- Starfsemi félagsins og öll ákvarðanataka eru að öllu leyti í samræmi við lög og þær reglur sem settar hafa verið af félaginu á hverjum tíma.
- Félagið fylgir eigin starfs- og verklagsreglum og færir þær til betri vegar ef þess gerist þörf á hverjum tíma.
- Við kynnum okkur og virðum lög og reglur sem gilda um starfsemi félagsins og þær innri reglur sem félagið hefur sett sér.

#### **4. gr. Þagnar- og trúnaðarskylda**

- 4.1. Á öllum stjórnar- og starfsmönnum ásamt öðrum sem koma að rekstri félagsins hvílir þagnarskylda um málefni félagsins, hagi starfsmanna, viðskiptamenn þess og önnur þau atriði sem aðilar fá vitneskju um í starfi sínu.
- 4.2. Engar þær upplýsingar sem við fáum við störf okkar munum við nýta í eigin þágu eða í þágu tengdra aðila.

#### **5. gr. Upplýsingagjöf og hagsmunaárekstrar**

- 5.1. Við kappkostum við að veita viðskiptavinum réttar, skýrar og áreiðanlegar upplýsingar.
- 5.2. Við upplýsum um þau atriði sem kunna að valda hagsmunaárekstrum í störfum okkar og sérstaklega er varða atriði sem geta haft áhrif á sjálfstæði, hlutleysi eða skyldu okkar við félagið og viðskiptavinum þess.

#### **6. gr. Við erum til fyrirmyndar**

- 6.1. Við komum fram við viðskiptavinum og samstarfsmenn af virðingu og sýnum sanngirni og gætum jafnræðis í störfum okkar.
- 6.2. Við sinnum störfum okkar og samskiptum við viðskiptamenn og aðra hagsmunaaðila þannig að það sé öðrum til fyrirmyndar og eftirbreytni.